

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1806
komudagur 25.4.2006

Þskj. 1080 — 744. mál
24. apríl

Starf Vísinda- og tækniráðs þau þrjú ár sem ráðið hefur starfað hefur sýnt fram á mikilvægi þess sem vettvangs samhæfingar í stefnumótun ríkisstjórnar og ráðuneyta í vísindum, rannsóknum og tækniþróun. Í alþjóðavæddu þekkingarþjóðfélagi verður atvinnuþróun sem byggist á nýsköpun, nýrri þekkingu og rannsóknum sífellt mikilvægari þáttur í framförum, hagvexti og bættum líf skjörum. Það er því mikilvægt að sá samhæfingarvettvangur til stefnumótunar sem Vísinda- og tækniráð í núverandi mynd er taki til atvinnuþróunar og nýsköpunar ekki síður en til vísinda og tækniþróunar. Með því ætti að skapast sú heildarsýn sem þörf er á til þess að ná sem skilvirkustum árangri. Framþróun er ennfremur oft og tíðum örust og mest virðisaukandi á sviðum sem þróast á mörkum hefðbundinna sviða og atvinnuvega og þar er heildarsýn brýnust.

Rannsóknamiðstöð Íslands styður því þær breytingar á lögum um Vísinda- og tækniráð, nr. 2/2003 sem lagðar eru til í frumvarpinu og gerir ekki athugasemdir við greinar þess.

fh. Hans Kr. Guðmundssonar forstöðumanns Rannís
Páll Vilhjálmsson